

Alþingi
Erindi nr. P 140/302
komudagur 18.11.2011



Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 147. mál

Tannsmiðafélagi Íslands hefur verið sent til umsagnar ofangreint frumvarp.

Á bls. 13 segir m.a. í 15. tölulið þar sem fjallað er um tannsmiði:

„Tannsmíði er löggilt iðngrein og um tannsmiði gilda lög um starfsréttindi tannsmiða nr. 109/2000, reglugerð nr. 904/2000, um starfsréttindi tannsmiða, og reglur nr. 937/2000, um takmörkun á starfsréttindum tannsmiða. Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt læknisvottorði, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni.“

Á aðalfundi Tannsmiðafélags Íslands snemma árs 2009 var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta félagsmanna að leggja til að tannsmiðir yrðu heilbrigðisstétt.

Frá hausti 2009 hefur tannsmiði verið kennd til B.S. prófs í Háskóla Íslands. Allir nemar sem voru í Tannsmiðaskólanum hafa lokið því námi. Er því nám í tannsmiði í dag eingöngu kennd á háskólastigi á Íslandi.

Í ljósi þessara breytinga er mikilvægt að orðalagi ofangreindra laga, reglugerðar og reglna um tannsmiði verði breytt ef frumvarp þetta verður samþykkt á þá leið að eingöngu þeir sem lokið hafa framhaldsnámi í **klínískri tannsmiði** geti á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt læknisvottorð, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni.

Félagið vill að lokum vekja athygli nefndarinnar á B.S ritgerð Aðalheiðar Svönu Sigurðardóttur og Vigdísar Valsdóttur er ber titilinn „Tannsmiðir á tímamótum. Frá fagi í móttun til formlegs náms, áhrif kerfis- og bóknámsreks á menntun íslenskra tannsmiða.“

<http://skemman.is/item/view/1946/6324;jsessionid=7E3A7890C62D598EA3A40B59B96A1AA1>

F. h. Tannsmiðafélags Íslands


Sigurður B. Halldórsson, hrl.